




## Úrskurður Hugverkastofunnar nr. 4/2021 24. júní 2021

Þann 18. ágúst 2019 barst Hugverkastofunni tilkynning frá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) um að CHEN

HAIHU, Kína, eigandi alþjóðlegrar skráningar nr. 1482377,  ONLYOU færi fram á að skráningin gildi hér á landi, sbr. 51. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997 (vml.). Merkið var birt í ELS-tíðindum<sup>1</sup> þann 15. júlí 2020 fyrir eftirtaldar vörur:

**Flokkur 14:** Jewelry charms; necklaces; jewelry; clocks; wristwatches; straps for wristwatches; watch chains; watch cases [parts of watches]; presentation boxes for watches; watch pocket (cover).

Með erindi, dags. 27. ágúst 2020, andmælti Árnason Faktor ehf. skráningu merkisins f.h. Aktieselskabet af 21. november 2001, Danmörku. Andmælin byggja á ruglingshættu við skráð merki andmælanda, ONLY, nr. V0039081, sbr. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vml.<sup>2</sup>

Andmælin ásamt greiðslu gjalds bárust innan tilskilins frests og teljast þau því lögmæt. Engar athugasemdir bárust frá eiganda merkisins.<sup>3</sup>

### Niðurstaða

Lögum um vörumerki var breytt þann 1. september 2020 með lögum nr. 71/2020 og þann sama dag tók ný reglugerð nr. 850/2020 um umsóknir og skráningu vörumerkja, félagamerkja og ábyrgðar- og gæðamerkja gildi. Með hliðsjón af því að andmæli þessi bárust í tíð eldri löggjafar byggir formleg yfirferð sem og efnisleg ákvörðun í málinu á eldri laga- og reglugerðarákvæðum, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 71/2020 og verður vísað til þeirra í eftirfarandi umfjöllun.

*Ruglingshætta, sbr. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vml.*

Meginhlutverk vörumerkja er að greina vörur og þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra, sbr. 2. gr. vml. Í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur fram að í vörumerkjarétti felist að aðrir en eigandi vörumerkis megi ekki heimildarlaust nota í atvinnustarfsemi tákn sem eru eins eða lík vörumerki hans. Þau skilyrði eru sett að notkun taki til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu og vörumerkjarétturinn nær til og hætt sé við ruglingi, þ.m.t. að tengsl séu með merkjunum.

Í 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vml. er kveðið á um að óheimilt sé að skrá merki ef villast má á því og vörumerki sem skráð hefur verið hér á landi eða hefur verið notað hér þegar umsókn um skráningu er lögð inn og er enn notað hér. Það sem einkum skiptir máli við mat á því hvort ruglingshætta verður talin vera með vörumerkjum er hvort sjón-, hljóð- og vöru- og/eða þjónustulíking sé með merkjunum. Meta verður þessa þætti alla saman út frá sjónarhóli neytandans og þeirri staðreynd að hinn almenni neytandi hefur yfirleitt eingöngu annað merkið fyrir

<sup>1</sup> Nú *Hugverkatíðindi*, sbr. 21. gr. laga um vörumerki með þeim breytingum sem urðu á ákvæðinu með 17. gr. laga nr. 71/2020.


<sup>2</sup> Meðal þeirra breytinga sem urðu á vörumerkjalögum, sbr. lög nr. 71/2020, eru að 6. tl. 1. mgr. 14. gr. er nú 1. tl. 14. gr.

<sup>3</sup> Greinargerð andmælanda fylgir úrskurði við birtingu á [www.hugverk.is](http://www.hugverk.is). Sé um að ræða fylgiskjöl með greinargerðum er unnt að fá aðgang að þeim í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.



augum hverju sinni. Þá er almennt talið að því ólíkari sem merkin eru, þeim mun skyldari eða svipaðri megi vörurnar eða þjónustan vera og öfugt. Það sem úrslitum ræður er hvort heildarmyndin sé svo lík að ruglingi geti valdið.<sup>4</sup>

Merki þau sem um ræðir í máli þessu eru:

 Alþjóðleg skráning nr. 1482377	<b>ONLY</b> V0039081
Merki eiganda	Merki andmælanda

### Sjón- og hljóðlíking

Merki eiganda er samsett úr orðunum *only* og *you* sem er skeytt saman þannig að bókstafurinn *y* myndar bæði síðasta bókstafinn í fyrra orðinu og fyrsta bókstafinn í því síðara. Fyrir ofan orðhlutann er myndhluti sem myndar hjarta. Merki eiganda er orðmerkið ONLY. Það sem greinir merkin að eru bókstafirnir -OU í merki eiganda.

Enska orðið *only* merki samkvæmt Snöru-veforðasafni m.a. *aðeins, eini, bara, eingöngu*. Merking orðsins *you* er þekkt en það merkir m.a. *þú, þið, þér*. Þrátt fyrir að orðin í merki eiganda hafi sem slík ákveðna eða þekkt merkingu þá hefur samsetning þeirra, ONLYOU, það ekki.

Að mati Hugverkastofunnar hefur hvort merki fyrir sig til að bera sérkenni í tengslum við þær vörur sem um ræðir. Við mat á ruglingshættu þarf að taka mið af því hvort að í merki sé þáttur sem sé meira ráðandi en aðrir þættir þess, hvort hlutir þess teljist hafa meira eða minna sérkenni o.fl. Þrátt fyrir að merki eiganda sé stílfært er það mat stofnunarinnar að myndhlutinn sé ekki þess eðlis að hann dragi athygli að fullu frá orðhlutanum auk þess sem að hjartalaga form er fremur algengt og vernd algengra og einfaldra forma er almennt talin fremur veik.<sup>5</sup>

Það er viðurkennt sjónarmið í vörumerkjarétti að almennt sé áhersla lögð á upphaf merkja nema til sé að dreifa atriðum sem leiða til annars, svo sem ef um veikan þátt merkis er að ræða. Í dómum Evrópudómstólsins hefur komið fram að neytendur taki almennt fremur eftir fyrri hluta merkis heldur en síðari hluta þess.<sup>6</sup> Einnig hefur dómstóllinn sagt að ekki sé ástæða til að ætla að sjónlíking sé ekki til staðar þrátt fyrir að um annars vegar sé að ræða merki sem samanstendur af einu orði og hins vegar merki sem samanstendur af tveimur orðum.<sup>7</sup> Þá hefur sömuleiðis komið fram það sjónarmið að neytandinn sjálfur brjóti orðhluta upp í þætti sem fyrir honum hafa ákveðna merkingu eða líkist orðum sem hann þekkir til.<sup>8</sup> Þrátt fyrir að merki eiganda sé eitt orð sem í sjálfu sér er merkingarlaust þá er það myndað úr tveimur orðum sem neytandinn þekkir vel, þ.e. annars vegar *only* og hins vegar *you*.

Í ljósi framangreinds er það mat stofnunarinnar að sjónlíking sé til staðar með merkjunum.

Hvað hljóðlíkingu varðar er áhersla í íslenskum framburði almennt á fyrsta atkvæði orðs, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 228/2001 frá 22. nóvember 2001 (ICEAVIA). Enn fremur hefur Evrópudómstóllinn sagt að fyrri hluti merkis hafi mikið vægi líkt og þegar um sjónlíkingu er að ræða.<sup>9</sup> Aðeins munar um bókstafina *ou* í

<sup>4</sup> Dómur Evrópudómstólsins í máli nr. C-251/95 frá 11. nóvember 1997, Sabel gegn Puma, 16. mgr.

<sup>5</sup> Sjá m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar í máli nr. 1/2008 (myndmerki), bls. 6.

<sup>6</sup> Sjá m.a. dóm almenna dómstólsins (e. General Court) í máli nr. T-112/03 frá 16. mars 2005, 64. mgr.

<sup>7</sup> Sami dómur, 66. mgr.

<sup>8</sup> Sjá m.a. dóm almenna dómstólsins (e. General Court) í máli nr. T-356/02 frá 6. október 2004, 51. mgr.




merki eiganda sem getur annars vegar verið borið fram sem *ónljú* eða hins vegar sem *ónlíú*. Merki andmælanda er borið fram sem *ónlí*. Þrátt fyrir þann smávægilega mun sem er á framburði merkjanna er það mat stofnunarinnar, með vísan til framangreinds, að hljóðlíking sé með þeim.


#### Vörulíking

Merki eiganda er skráð fyrir *jewelry charms; necklaces; jewelry; clocks; wristwatches; straps for wristwatches; watch chains; watch cases [parts of watches]; presentation boxes for watches; watch pocket (cover)* í flokki 14. Merki andmælanda er skráð fyrir *góðmálma og blöndur úr þeim svo og vörur úr góðmálum eða húðaðar með þeim og ekki heyra undir aðra flokka; skartgripir, gimsteinar; klukkur og tæki til tímamælinga* í flokki 14 sem og vörur í flokkum 18 og 25.

Að mati Hugverkastofunnar er merkjunum ætlað að auðkenna sömu og/eða sambærilegar vörur í flokki 14 og er því töluverð vörulíking til staðar.

#### Samantekt

Með vísan til alls framangreinds er það mat Hugverkastofunnar að heildarmynd merkjanna ONLY og  ONLYOU sé það lík að ruglingi geti valdið, sbr. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vml.

Andmæli gegn skráningu merkisins  ONLYOU sbr. alþjóðleg skráning nr. 1482377, eru því tekin til greina.

### Úrskurðarorð

Skráning merkisins ONLYOU (orð- og myndmerki), sbr. alþjóðleg skráning nr. 1482377, skal felld úr gildi.

Vakin er athygli á því að skv. 1. mgr. 63. gr. laga um vörumerki geta aðilar máls áfrýjað ákvörðun Hugverkastofunnar **innan tveggja mánaða frá dagsetningu úrskurðarins** til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Áfrýjunargjald samkvæmt gildandi reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl. greiðist atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti við áfrýjun. Vinnist mál hjá áfrýjunarnefnd er hluti áfrýjunargjalds endurgreitt.

---

<sup>9</sup> Sjá m.a. dóm almenna dómstólsins (e. General Court) í máli nr. T-112/03 frá 16. mars 2005, 70. mgr.

Hugverkastofan  
Engjateigi 3  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. ágúst 2020



Varðar: Andmæli gegn skráningu vörumerkisins ONLYOU, sbr. alþjóðleg skráning nr. 1482377 (V0114302).

Eigandi: Chen Haihui, No. 9, Area C, Zhengjia Village, Zeguo Town, Wenling City, Zhejiang Province, Kína

Birt í 7. tbl. 37. árg. ELS tíðinda, þann 15. júlí 2020

Okkar tilvísun: I5905ISIP

**Frestur: 15. september 2020**

Vísað er til birtingar í 7. tbl., 37. árg., ELS-tíðinda þann 15. júlí sl., á skráningu vörumerkisins



ONLYOU, sbr. alþjóðleg skráning nr. 1482377 (V0114302), í flokki 14. Fyrir hönd umbjóðanda okkar Aktieselskabet af 21. november 2001, Fredskovvej, 7330 Brande, Danmörku, leggjum við hér með inn

#### **ANDMÆLI**

gegn skráningu fyrrgreinds vörumerkis með vísan til 22. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 (hér eftir vml). Andmælin beinast gegn skráningu allra tilgreindra vara skráningarinnar í flokki 14.

Helstu rök fyrir kröfu um ógildingu skráningarinnar eru þau að framangreind skráning verður að teljast of lík vörumerki umbjóðanda okkar ONLY (orðmerki), sbr. skráningu nr. V0039081 í flokkum 14, 18 og 25, sem einnig er verndað á grundvelli notkunar, sbr. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vml., sbr. 1. mgr. 4. gr. sömu laga.

Framangreint eru helstu rök fyrir andmælum þessum, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 310/1997 um skráningu vörumerkja o.fl., með síðari breytingum. Við áskiljum okkur rétt til að koma að frekari röksemdum á síðari stigum.

Með vísan til 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 310/1997 um skráningu vörumerkja o.fl. óskum við eftir því að okkur verði veittur frestur til að leggja inn frekari rökstuðning fyrir framangreindum andmælum.

Meðfylgjandi er greiðsla opinbers gjalds upp á kr. 42.500 vegna andmælanna.

Með vinsemd og virðingu,  
Arnason Faktor

María Kristín Gunnarsdóttir.

Hugverkastofan  
Engjateigi 3  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25 september 2020



Varðar: Andmæli gegn skráningu vörumerkisins ONLYOU, sbr. alþjóðleg skráning nr. 1482377 (V0114302).

Eigandi: Chen Haihui, No. 9, Area C, Zhengjia Village, Zeguo Town, Wenling City, Zhejiang Province, Kína

Andmælandi: Aktieselskabet af 21. november 2001, Fredskovvej, 7330 Brande, Danmörku

Okkar tilvísun: I5905ISIP

**Frestur: 28. október 2020**

Vísað er til andmæla okkar dags. 27. ágúst 2020 gegn ofangreindri skráningu. Með bréfi Hugverkastofu dags 28. ágúst 2020 var umbjóðanda okkar veittur frestur til 28. október n.k. til að leggja inn greinargerð og gögn til stuðnings andmælunum.

Líkt og fram kom í andmælum okkar þá eru helstu rök fyrir beiðni umbjóðanda okkar um ógildingu skráningarinnar þau að hið andmælt merki er of líkt vörumerkjaskráningu umbjóðanda okkar nr. V0039081 ONLY (orðmerki), sbr. 1. tl. 1. mgr. 14. gr. (áður 6. tl. 1. mgr. 14. gr) vörumerkjalaga nr. 45/1997 (hér eftir vml), sbr. 2. tl. 1. mgr 4. gr (áður 1. mgr. 4. gr.) sömu laga.

Samkvæmt 1.mgr. 14. gr. vml. skal ekki skrá vörumerki í vörumerkjaskrá nema með samþykki viðkomandi réttihafa:

*1. ef hætt er við ruglingi á merkinu og vörumerki sem skráð hefur verið hér á landi eða hefur verið notað hér þegar umsókn um skráningu er lögð inn og er enn notað hér*

Vörumerki umbjóðanda okkar ONLY (orðmerki) er verndað hér á landi á grundvelli skráningar nr. V0039081, fyrir yfirskriftir flokka 14, 18 og 25, þ.e.:

*14: Góðmálmar og blöndur úr þeim svo og vörur úr góðmálmum eða húðaðar með þeim og ekki heyra undir aðra flokka; skartgripir, gimsteinar; klukkur og tæki til tímamælinga.*

*18: Leður og leðurlíki og vörur gerðar úr þessum efnum og ekki eru taldar í öðrum flokkum; skinn og húðir; ferðakoffort og ferðatöskur; regnhlífur, sóhlífur og göngustafir; svipur, aktygi og reiðtygi.*

*25: Fatnaður, skófatnaður, höfuðfatnaður.*



Hin andmælt skráning nr. V0114302, sbr. alþjóðlega skráningu nr. 1482377, ONLYOU dekkar eftirfarandi vörur:

*14: Jewelry charms; necklaces; jewelry; clocks; wristwatches; straps for wristwatches; watch chains; watch cases [parts of watches]; presentation boxes for watches; watch pocket (cover).*

sem lauslega þýtt á íslensku útleggst sem:

*14: Skartgripaheillagripir; hálsmen; skartgripir; klukkur; armbandsúr; ólar fyrir armbandsúr; úrkeðjur; úrabox [hlutar úra]; kynningarkassar fyrir úr; úravasi (kápa).*

### **Mat á ruglingshættu**

Samkvæmt 1. tl. 1 mgr. 14. gr. vml. er óheimilt að skrá vörumerki nema með samþykki viðkomandi réttshafa ef hætt er við ruglingi á merkinu og vörumerki sem skráð hefur verið hér á landi eða hefur verið notað hér þegar umsókn um skráningu er lögð inn og er enn notað hér

þegar metið er hvort að bein ruglingshætta sé milli tveggja merkja er annars vegar litið til þess hvort að merkjalíking sé með merkjunum og hins vegar hvort vöru- eða þjónustulíking sé með merkjunum, sbr. 1. og 2. tl. 4. gr. vml. Mati á merkjalíkingu má síðan skipta í tvennt, í fyrsta lagi skal meta hvort sjónlíking sé með merkjum og annars vegar skal líta til þess hvort hljóðlíking sé til staðar. Þá getur merkingarlíking einnig komið til skoðunar. Grundvallarreglan við mat á ruglingshættu er hins vegar sú að meta skuli heildarmynd merkjanna sem um er deilt.

Það er mat okkar í tilviki þessu að það séu til staðar skilyrði um beina ruglingshættu sbr. 1.tl 1. mgr. 14. gr. íslensku vörumerkjalaganna.

### **MERKJALÍKING**

Vörumerkin sem hér um ræðir eru afar lík, og er hið fyrra merki umbjóðanda okkar tekið upp í heild sinni í hið nýja merki:



hið andmælt merki

**ONLY**

merki umbjóðanda okkar



Hið andmælt merki, ONLYOU, er orð- og myndmerki sem samanstendur af orðhlutanum ONLYOU auk myndhluta sem virðist einhvers konar hjarta. Við teljum ljóst að myndhluti merkisins veiti því afar lítið sérkenni miðað við heildarmynd þess, og að neytendur muni fyrst og fremst taka eftir orðhluta þess, ONLYOU. Það er ennfremur ítrekuð framkvæmd Hugverkastofunnar að við mat á ruglingshættu milli merkja er það fyrst og fremst orðhlutarnir sem lítið er til, og þá sérstaklega ef hið fyrra merki er orðmerki.

Merki umbjóðanda okkar ONLY er orðmerki og verndar því allar mögulegar stílfærslur þess orðs, og ruglingslegra líkra orða.

Merki umbjóðanda okkar ONLY er tekið upp í heild sinni inn í hið andmælt merki ONLYOU, og einungis tveimur stöfum er bætt við enda merkisins.

Ítrekuð framkvæmd Hugverkastofunnar er að meta ruglingshættu milli merkja ef hið fyrra merki er tekið upp í heild sinni í seinna merkið. Hér má sem dæmi nefna að merkjunum DÓTTIR OF VIKINGS (V0112848) og DÓTTIR OF MJÖLNIR (V0112847) var hafnað vegna ruglingshættu við fyrri skráningar fyrir DÓTTIR (stílfært merki) og DÓTTIRHEALTH, þrátt fyrir að orðin VIKINGS og MJÖLNIR hafi til að bera verulegt sérkenni að okkar mati.

Í þeim málum þar sem fyrri merki eru tekin upp í heild sinni hefur Hugverkastofan sjálf ítrekað tilgreint að við þær kringumstæður sé eitt af meginsjónarmiðum í vörumerkjarétti að þá teljist auknar líkur á að ruglingshætta sé til staðar á milli merkja<sup>1</sup>.

Við bendum hér einnig á að við samanburð merkja og mat á ruglingshættu er að jafnaði aðal áherslan lögð á upphaf orðanna sem mynda merkin, þar sem upphaf merkja er sá orðhluti sem hlýtur mesta athygli neytandans, bæði sjónrænt og hljóðrænt. Þar sem hér eru 4 fyrstu stafirnir - sem er heildarstafafjöldi merkis umbjóðanda okkar - þeir sömu er ljóst að bæði sjón- og hljóðlíking er mikil, sem ýtir undir ruglingshættuna.

Miklar líkur eru á að neytendur muni engan greinarmun gera á milli merkjanna, og muni ruglast á þeim. Einnig er mikil hættu á að neytendur muni halda að þau séu af sama uppruna, þ.e. að hið andmælt merki sé frá umbjóðanda okkar komið.

## VÖRU/ÞJÓNUSTULÍKING

Þegar mat er lagt á líkindi milli vara og þjónustu er mikilvægt að tekið sé tillit til allra þeirra þátta er skipta máli hverju sinni, en þá sér í lagi eiginleika þeirra, hverjir munu nota vöruna, hvernig hún er notuð og hvort að vörurnar eru í samkeppni hver við aðra eða séu svokallaðar staðgengisvörur. Sbr. dóm Evrópudómstólsins í mál Kabushiki Kaisha v Metro-Goldwyn-Mayer Inc. ('Canon') frá 1998, mál nr. C-39/97, 23. mgr. en þar segir:

In assessing the similarity of the goods or services concerned, ..., all the relevant factors relating to those goods or services themselves should be taken into account.

<sup>1</sup> Sjá t.d. úrskurð Áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar nr. 1/2001 og úrskurð Hugverkastofu nr. 13/2013


Those factors include, inter alia, their nature, their end users and their method of use and whether they are in competition with each other or are complementary.

Aðrir þættir sem skipta máli geta verið hvaða not eða tilgangur varan eða þjónustan hefur, hvort að ætla megi að sömu eða tengdir aðilar framleiði, markaðssetji eða bjóði upp á vörurnar eða þjónustuna og svo er rétt að horfa til dreifingar- og söluleiða.<sup>2</sup>

Við mat á líkindum vöru- og þjónustulýsinga er svo almennt viðmið að því líkari sem merkin eru, því minni kröfur eru gerðar til vöru- eða þjónustulíkingar og öfugt.

Hér að framan voru vörulýsingar merkjanna reifuð. Merki umbjóðanda okkar var skráð árið 2001 og endurnýjað árið 2011, áður en breytingar komu til varðandi túlkun á yfirskriftum flokkanna vegna IP TRANSLATOR dómsins í Evrópusambandinu<sup>3</sup>. Skráning umbjóðanda okkar nr. V0039081 er í gildi fyrir yfirskrift flokks 14 og er ljóst að allar vörur flokksins teljast því dekkjaðar af skráningunni. Ljóst er því einnig að vörur þær í flokki 14 sem tilgreindar eru í hinni andmæltu alþjóðlegu skráningu verða að teljast falla undir þær vörur sem verndaðar eru af skráningu umbjóðanda okkar, og vörulíkindin alger.


## **SAMANTEKT**

Augljós sjón- og hljóðlíking er með vörumerkjunum ONLY og  ONLYYOU, og eru líkindin með vörum þeim sem dekkjaðar eru af skráningu umbjóðanda okkar og hinni andmæltu alþjóðlegu skráningu alger.

Ítrekuð framkvæmd Hugverkastofunnar hefur verið að meta mikla ruglingshættu þegar fyrri merki er tekið í heild sinni upp í það seinna eins og gert er hér. Einnig vegur upphaf orða þýngst þegar litið er til ruglingshættu milli merkja, og orðhlutar merkja skipta þar einnig mestu máli. Hin fyrri skráning er orðmerki og verndar þar með allar útgáfur þess merkis og ruglingslegra líkra merkja.

Þegar litið er til líkinda við fyrri skráningu umbjóðanda okkar fyrir merki sitt ONLY og algerra líkinda þeirra vara sem merkin eru skráð fyrir er ljóst að gríðarmikil hættu er á að neytendur ruglist og telji hér um sama, eða a.m.k. tengdan uppruna að ræða.

Það er því ljóst að skráning vörumerkisins  ONLYYOU, sbr. alþjóðleg skráning nr. 1482377, brýtur gegn fyrri réttindum umbjóðanda okkar á Íslandi.

Förum við þess því á leit við skráningaryfirvöld að skráning vörumerkisins  ONLYYOU, sbr. alþjóðleg skráning nr. 1482377, verði ógild fyrir allar vörur skráningarinnar í flokki 14.

<sup>2</sup> Sjá m.a. dóm Court of First Instance frá 10. September 2008, Astex Therapeutics Ltd/OHIM – Protec Health International Ltd, mál nr. T-48/06, mgr. 38

<sup>3</sup> Mál C-307/10 *Chartered Institute of Patent Attorneys v Registrar of Trade Marks* ("IP TRANSLATOR")



Að lokum áskiljum við okkur rétt til að koma fram með frekari rökstuðning og/eða leggja fram gögn á síðari stigum ef tilefni gefst til.

Með vinsemd og virðingu,  
Arnason Faktor



María Kristín Gunnarsdóttir, ML.